

Nr. 32/1889

A. Jespersen  
gegnKlemens Jónssyni fyrir hönd  
Alex. Mc. Glashan & Son

## D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuld, er hinn stefndi telur sig eiga hjá áfrýjanda fyrir vörur, að upphæð £ 27—9—2½ eða í vorum peningum 494 kr. 29 a. Var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 25. apríl-mán. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 9 sh. 2 d. eða 8 kr. 24 a. með 5% vöxtum frá 29. nóvembr. f. á. til borgunardags, og þar að auki £ 26—4—3 eða 471 kr. 83 a. einnig með 5% vöxtum frá 29. nóvbr. f. á. til borgunardags, nema hann synji fyrir með eiði eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi, að hann hafi fengið þau vínföng, sem sje 11½ gallons af konjaki og 56<sup>7</sup>/<sub>10</sub> gallons af Whisky, sem honum eru talin til skuldar 6. marz og 13. nóvbr. 1884 í reikningi stefnda. Vinni hann eiðinn er málskostnaður látinn falla niður, en að öðrum kosti á áfrýjandi að greiða stefnda 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur A. Jespersen áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 10. maímán. þ. á., og krafizt að verða algjörlega sýknaður af öllum ósönnnum og ósönnuðum kröfum og kærum stefnda, en að stefndi verði dæmdur til að borga allan málskostnað, bæði fyrir undir- og yfirdómi, með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og að áfrýj-

andi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfir-  
dómi með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Í málinu hefur verið lagður fram reikningur frá  
stefnda til áfrýjanda, að upphæð alls £ 44—2—6<sup>1</sup>/<sub>2</sub>, en  
af þessari upphæð eru í reikningnum talin greidd £ 16—  
13—4, og telur stefndi áfrýjanda þannig vera í skuld  
við sig um £ 27—9—2<sup>1</sup>/<sub>2</sub> eða í vorum peningum kr.  
494,29. — Áfrýjandi hefur aðeins kannast við 1 póst  
í reikningnum, eða að minnsta kosti ekki nægilega mót-  
mælt honum, og er hann 2 tunnur af Whisky, sem  
reiknaðar eru til peningaverðs með íláti og ábyrgðar-  
gjaldi £ 17—2—6 eða kr. 308,24 a., en upp í þetta  
er talið greitt £ 16—13—4 eða kr. 300, og verður þá  
að eins eptir £ «—9—2 eða 8 kr. 24 a., er áfrýjandi  
virðist skyldur til að borga stefnda með 5% vöxtum  
frá sáttakærudegi til borgunardags. Á hinn bóginn eru  
ekki gegn neitun áfrýjanda neinar sannanir nje heldur  
líkur fengnar til þess, að áfrýjandi hafi fengið þær vör-  
ur, kálmeti o. fl., fyrir £ «—15—9<sup>1</sup>/<sub>2</sub>, sem greindar eru  
í reikningnum við 14. júní 1883, og ber því að sýkna  
áfrýjanda af kröfum stefnda að því þá pósta snertir.

Aptur á móti eru líkur fengnar fyrir því, að á-  
frýjandi hafi frá stefnda fengið 11<sup>1</sup>/<sub>2</sub> gallons af konjaki  
og 56<sup>7</sup>/<sub>10</sub> gallons af Whisky, sem í reikningnum eru  
sagðar sendar áfrýjanda 6 marz og 13. nóvbr. 1884 og  
sem með ílátum og ábyrgðargjaldi eru reiknaðar £ 26—  
4—3, þar sem vottorð hins umboðslega endurskoðanda  
er fengið fyrir því, að áfrýjandi hafi um þær mundir  
fengið — eptir því sem hann sjálfur hefur frá skýrt —  
11<sup>1</sup>/<sub>2</sub> gallons af konjaki og 50 gallons af Whisky — en  
hinni síðarnefndu gallonstölu hefur hann að eins skýrt  
frá með fyrirvara. Þessu vottorði hefur áfrýjandi ekki

mótmælt, og heldur ekki, þótt málssóknin gæfi tilefni til þess, skýrt frá, hvaðan hann hafi fengið þau vínföng. Virðist því rjett, að áfrýjandi, ef hann á að geta losað við að greiða andvirði þeirra, 471 kr. 83 a., og 5% vexti af þeirri upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, vinni eið að því, að hann ekki hafi fengið þessi vínföng. Vinni hann eiðinn, á hann, að því nýnefnda upphæð snertir, að vera sýkn af kröfum stefnda, en ella ber honum að greiða hana, og virðist þá einnig rjett, að hann greiði stefnda málskostnað í hjerði með 15 krónum. — Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því, dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágústmán.

Nr. 11/1889

Filippus Filippusson

gegn

skiptaráðandanum í Rangárvallasýslu,  
sýslumanni H. E. Johnsen.

D ó m u r :

Með stefnu, útgefinni 12. febr. þ. á., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins úrskurði, felldum 18. desbr. f. á. í skiptarjetti Rangárvallasýslu, út af ágreiningi